


GoPro® Samningakerfi

GoPro Samningakerfið heldur utan um allt samningaferlið frá upphafi samningsgerðar til undirskriftar. Kerfið auðveldar eftirfylgni með samningum og gefur yfirlit yfir aðgerðir á samningstímanum.

Samningavirkninni má skipta niður í þrjá meginþætti: stílsnið, rýni og vöktun. Stílsniðin auðvelda samningagerð og eru byggð á skilgreindum tegundum samninga sem veita möguleika á að skilgreina eftirfylgni með samningum eftir eðli þeirra. Rýni fer af stað þegar samningar eru vistaðir inn í kerfið eða settir í samþykktarferli og endar í undirritun sem gerir samninginn virkan. Samþykktir og virkir samningar eru vaktar sjálfvirk af samningakerfinu og veita notendum og ábyrgðaraðilum gott yfirlit og tilkynningar um aðgerðir.

Samningakerfið býður upp á:

- Stillanleg samningsform fyrir samningagerð
- Stillanleg samþykktarferli sem tryggja rafræna skráningu samþykktar og rýni
- Öflugar aðgangsstýringar sem tryggja réttum aðilum aðgang
- Miðlæga vistun gagna
- Útgáfustýringu samninga og skjala
- Einfalda leit og gott yfirlit
- Skýrslur og stöðuyfirlit allra samninga
- Dagatal með yfirliti yfir aðgerðir og dagsetningar
- Sjálfvirkar tilkynningar og viðvaranir
- Fullkomna samþættingu við GoPro málstjórnunarkerfið



Samningar og samþykktarferli samninga

- Stílsnið samninga er hægt að vista í GoPro Samningakerfinu. Stílsnið eru samþætt við upplýsingar úr GoPro sem einfaldar gerð samninga með sjálfvirkri útfyllingu forma þar sem samningastílsnið eru útfyllt með upplýsingum um samningsaðila.
- Samninga má flokka eftir tegundum, deildum og ábyrgð og hægt er að skilgreina aðgerðalista fyrir sérhverja tegund samninga. Skjalalykla og allar skjalastjórnunar aðgerðir GoPro eru tryggðar í GoPro samningakerfinu auk tengingar við önnur mál eða samninga innan kerfisins.
- Stuðningur við viðhengi og vistun margra útgáfna með útgáfustýringu GoPro.
- Haldið utan um öll samskipti vegna samnings eða aðgerðir tengdum samningi.
- Samþykktarferla er hægt að skilgreina fyrirfram og bæta við aðilum í samþykktarferlið ef þörf er á. Stuðningur er við að vísa samningi til rýni til ytri notenda, s.s. lögfræðinga eða umsagnaraðila.
- Aðgangi að samningum og samskiptum vegna þeirra er hægt að stjórna með öflugum aðgangsstýringum. Mögulegt er að tengja fyrirtæki, tengiliði eða einstaklinga við samninga og skrá hlutverk þeirra. Fullkomin vistun allra samskipta er tryggð með öflugum samskiptakerfi GoPro.

Samningastjórnun

Samningastjórnun er auðvelduð með einfaldri skráningu allra samningsaðila byggt á gögnum úr Þjóðskrá í GoPro. Samningakerfið gerir samskipti og samningagerð skilvirkari og tryggir að hún byggir á réttum upplýsingum.

Mögulegt er að varpa samningum og samskiptum við samningsaðila í vefgátt (GoPro Self Service) þar sem sérhver aðili hefur aðgang að samningum við fyrirtækið og tryggir þannig veftækan aðgang að öllum eða völdum samskiptum varðandi samninginn.

Vöktun samninga

Tilkynningar eru sjálfvirk sendar í tölvupósti, t.d. fyrir endurnýjunardagsetningar eða verkefni skilgreind í viðkomandi samningi.

Leit og skýrslugerð


GoPro samningakerfið gefur yfirlit yfir stöður, ábyrgð og fleira í sjónarhornum auk fullrar textaleitar. Notendum bjóðast ítarleg leit, skýrslur byggðar á skilgreindum óskum, samþætting við Office og notkun Pivot taflna.

Sarbanes Oxley Compliance

Lausnin uppfyllir SOX viðmið og almenn viðmið um góða stjórnunarhætti þar sem gögn sem liggja að baki ákvörðunum og hverjir komu að þeim eru skjalfest og upplýsingar almennt aðgengilegar. Lausnin eykur gæði samninga og tryggir að eingöngu séu nýtt viðurkennd stílsnið við samningagerð. Breytingar og samþykktir eru vistaðar rafrænt í GoPro samningakerfið, sem sér auk þess um útgáfustýringu á samningum í samningaferli.

Tæknileg atriði

Lausnin samþættist við GoPro málastjórnunarkerfið. Lausnin fellur undir viðhalds- og þjónustusamninga GoPro og notendur hafa aðgang að þjónustuveri GoPro á Íslandi.



Nánari upplýsingar:

Hugvit hf.
Sími: 510 3100
sala@hugvit.is
www.hugvit.is